

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 279/2022

2023/EES/35/03

frá 28. október 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og  
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/986 frá 23. júní 2022 um að samþykkja ekki N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1005 frá 23. júní 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Alphachloralose Grain sem Frakkland og Svíþjóð vísuðu áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1006 frá 24. júní 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Alphachloralose Pasta sem Frakkland og Svíþjóð vísuðu áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzv (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/146) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzw. **32022 D 0986:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/986 frá 23. júní 2022 um að samþykkja ekki N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (Stjttíð. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 111).

12zzzzzzzx. **32022 D 1005:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1005 frá 23. júní 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Alphachloralose Grain sem Frakkland og Svíþjóð vísuðu áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 168, 27.6.2022, bls. 86).

12zzzzzzzy. **32022 D 1006:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1006 frá 24. júní 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála og skilyrði leyfis fyrir flokki skyldu sæfivaranna Alphachloralose Pasta sem Frakkland og Svíþjóð vísuðu áfram í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttíð. ESB L 168, 27.6.2022, bls. 90).“

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 167, 24.6.2022, bls. 111.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 168, 27.6.2022, bls. 86.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB L 168, 27.6.2022, bls. 90.

2. gr.

Texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2022/986, (ESB) 2022/1005 og (ESB) 2022/1006, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. október 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. október 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

formaður

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.